

Kosninga

klúðrið 2021 og

nýja stjórnaarskráin

Nú eru liðnir fjórir mánuðir frá alþingiskosningunum síðustu sem haldnar voru 25. september 2021. Tveimur mánuðum síðar upp á dag staðfesti meirihluti Alþingis kjörbréf þau er landskjörstjórn gaf út 1. október 2021 og hafnaði jafnframt breytingartillögu Indriða Inga Stefánssonar (P) um að láta fyrri talninguna í Norðvesturkjördæmi standa ásamt því að virða að vettugi nefndarálit Björns Levis Gunnarssonar (P), sem sat í kjörbréfanefnd, um að endurtaka kosningarnar á landsvísu.

Flaustursverk í framkvæmd kosninga
Skodanir á því hvernig staðið var á kosningunum eru skiptar á Alþingi en þær eru allt frá því að alvarlegir annmarkar hafi verið á framkvæmd þeirra, í Norðvesturkjördæmi þá sérstaklega, yfir í að um lýðræðislega hörmung sé að ræða. Samstaða virðist þó vera um að lög hafi verið brotin og að vinnubrögð yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis hafi verið dálagleg. Til að gera langa sögu stutta skal hér aðeins getið að helstu annmarkarnir voru að mistök voru gerð við talningu og flokkun atkvæða, kjörgögn voru ekki innsiglið eftir talningu, starfsfólk hótelsins þar sem talningin fór fram hafði aðgang að talningarstað eftir að yfirkjörstjórn yfirgaf hótelið og endurtalning átti sér stað án

þess þó að eftirlitsaðilar væru boðaðir. Þó svo að öryggismyndavélar væru á talningarstað náðu þær ekki til þess rýmis þar sem kjörgögnin voru geymd í opnum kössum. Í þokkabót var formaður yfirkjörstjórnar í Norðvesturkjördæmi einn með kjörgögnin í 35 mínútur áður en aðrir meðlimir yfirkjörstjórnar og talningarmenn komu á vettvang eftir hvíld. Eins og ber að skilja skapaðist mikil umræða um fyrirkomulagið og lögmæti kosninganna í samfélaginu því ekki var hægt að ábyrgjast að ekki hafi verið átt við kjörgögnin þar sem því verklagi sem lög kveða á um var ekki fylgt. Ekki batnaði ástandið þegar formaður yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, Ingi Tryggvason, sagði í samtali við fréttastofu Vísis að það hafi ekki tíðkast að innsigla kjörgögn eftir



að menn færu heim að hvíla sig eftir talningu. Má túlka orð hans svo að lögbrot væru venjubundin á starfstíð hans í yfirkjörstjórn.

Álit meirihluta kjörbréfanefndar

Við mat sitt á lögmæti kosninganna studdist meirihluti kjörbréfanefndar einna helst við XXII. kafla laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, þá sérstaklega 3. mgr. 120. gr. Sú málsgrein kveður í meginatriðum á um að hafna beri kosningu þingmanns eða framboðslista ef gallar eru á kosningu sem ætla má að hafi áhrif á úrslitin. Ályktaði meirihluti kjörbréfanefndar svo að ekki væru augljós ummerki þess að úrslitum kosningarinnar hafi verið breytt þó svo að annmarkar hafi verið á framkvæmd talninganna og sumir þeirra jafnvel alvarlegir. Tók meirihlutinn svör yfirkjörstjórnar og hóteltarfsfólksins góð og gild þó svo að ekki væri hægt að sannreyna þau með neinum sjálfstæðum hætti. Var því álit meirihlutans að seinni talningin skyldi standa.

Álit minnihluta kjörbréfanefndar

Björn Leví Gunnarsson (P), Svandís Svavarsdóttir (V) og Þórunn Sveinbjarnardóttir (S) skiluðu öll eigin álitni en rauði þráðurinn er sá að kosninguna beri að ógilda þó svo ekki sjáist beinar vísbendingar um að átt hafi verið við úrslitin. Meginrökin eru að ekki er hægt að tryggja, miðað við alla þá annmarka sem voru á framkvæmdinni, að úrslitin endurspegli vilja kjósenda. Seinni úrslitin eru ekki áreiðanlegri en þau fyrri og ef talið yrði í þriðja sinn myndu þau úrslit ekki vera áreiðanlegri heldur vegna alls þess sem á undan er gengið. Lög voru brotin, alvarlegir annmarkar

komu í ljós og traust almennings á ferlinu er laskað. Minnihlutinn mat það svo að ekki væri nóg að leiða líkur að því að úrslitin væru rétt heldur þyrfti að vera hægt að sannreyna það.

Stjórnlagapíngið 2010

Áhugavert er að bera saman framkvæmdina í Norðvesturkjördæmi og kosninguna til stjórnlagapíngs árið 2010. Í þeirri kosningu var fyrst og fremst um að ræða formgalla á hönnun kjörseðla, kjörkassa og kjörklefa. Sérlæg giltu að vísu um þá kosningu og kom það í hlut Hæstaréttar Íslands að skera úr um gildi hennar en ekki Alþingis eins og í tilfelli alþingiskosninga. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að formgallarnir gætu hafa haft áhrif á úrslit kosningarinnar og því bæri að ógilda hana þó svo að ekki verði sýnt með ótvíræðum hætti að slíkt hafi gerst. Fékk því trúverðugleiki kosningarinnar að njóta vafans.

Nýja stjórnarskráin

Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að þeir frambjóðendur sem landskjörstjórn veitir kjörbréf taki sjálfir þátt í að úrskurða um gildi þeirra. Það verður að teljast tímaskekkja að menn séu dómamar í eigin máli. Stjórnarskrá Íslands frá 1944 var hugsuð til bráðabirgða uns lýðveldið væri komið í fastar skorður. Sú vinna sem hófst 2011 við endurskoðun hennar leiddi af sér frumvarp til stjórnskipunarlaga sem hefði, meðal annarra réttarbóta, fært úrskurðarvaldið frá kjörbréfhöfum til óháðra aðila. Það er löngu orðið tímabært að við segjum skilið við fúsk fortíðarinnar og tökum upp stjórnskipan sem sæmir 21. öldinni. ■



Stefán Örvor Sigmundsson, stjórnsmálafræðinemi